

From: Rósa Sif Jónsdóttir [rosa@arborg.is]
Sent: 24. febrúar 2012 10:09
To: Nefndasvið umsagnir
Subject: Umsögn um fjögurra ára samgönguáætlun og tólf ára samgönguáætlun

Góðan dag,

Á fundi bæjarráðs Árborgar í gær 23. febrúar var tekin fyrir beiðni um umsögn um – Tillögu til þingsályktunar um fjögurra ára samgönguáætlun og tólf ára samgönguáætlunar 2011-2022.

Vakin er athygli á að hér er verið að gefa umsögn um bæði frumvörpin mál 392 og 393 í einni afgreiðslu.

Eftirfarandi var bókað:

Bæjarráð lýsir yfir vonbrigðum með að ekki skuli vera áætlað fyrr en á þriðja tímabili (2019-2022) að fara í framkvæmdir við tvöföldun Suðurlandsvegjar milli Selfoss og Hveragerðis og nýja brú við Selfoss. Bæjarráð leggur áherslu á tvöföldun vegarins (2+2). Þá voru áform um að setja einn milljarð í almenningssamgöngur til mótvægis við frestun framkvæmda á höfuðborgarsvæðinu og nágrenni, það hefur ekki gengið eftir. Þá er tvöföldun Suðurlandsvegjar einhver arðbærasta framkvæmd í vegagerð á landinu. Bæjarráð hvetur Alþingi til að flýta þessum framkvæmdum og forgangsraða upp á nýtt.

Framangreint tilkynnist hér með.

Með kveðju,

Rósa Sif Jónsdóttir

ritari

rosa@arborg.is

sími 480 1900 fax 480 1901

Þessi tölvupóstur og/eða viðhengi gæti innihaldið trúnaðarupplýsingar og/eða einkamál og er eingöngu ætlaður þeim sem hann er stilaður á. Ef sending þessi hefur ranglega borist má ekki skrá neitt úr póstinum hjá sér eða notfæra sér það á nokkurn hátt. Jafnframt er móttakanda skylt að gæta fyllsta trúnaðar og tilkynna sendanda að upplýsingar hafi ranglega borist, sbr. fyrirmæli 3. mgr. 47. gr. laga nr. 81/2003 um ffarskipti.